



Samantekt Umhverfisstofnunar um bráðamengun árið 2020

Inngangur

Samantekt þessi yfir bráðamengun á árinu 2020 er unnin í samræmi við 26. gr. reglugerðar nr. 1010/2012 um viðbrögð við bráðamengun hafs og stranda en samkvæmt henni skal Umhverfisstofnun fyrir 15. september ár hvert taka saman og birta opinberlega upplýsingar um bráðamengun næstliðins árs. Í samantektinni skal einnig greint frá eftirliti, æfingum og samstarfi við mengunarvarnaráð hafna, hafnir og stofnanir.

Skylt er samkvæmt lögum nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda að tilkynna um bráðamengun en það fer eftir staðsetningu atviksins til hvaða aðila tilkynna skal um mengunina. Ef um er að ræða bráðamengun innan hafnarsvæða skal tilkynna um hana til viðkomandi hafnarstjóra sem ber ábyrgð á að gripið sé til viðeigandi bráðaaðgerða til að hefta útbreiðslu og koma í veg fyrir frekara tjón vegna mengunarinnar. Hafnarstjóra ber að tilkynna Umhverfisstofnun og heilbrigðisnefnd um bráðamengun strax og vart verður við hana. Ef bráðamengun verður utan hafnarsvæða skal tilkynna um hana til vaktstöðvar siglinga sem kallar til vakthafandi aðila innan Umhverfisstofnunar, enda ber stofnunin ábyrgð á að gera viðeigandi ráðstafanir vegna mengunarinnar. Ef um er að ræða mengunaróhapp á landi skal tilkynna það til viðkomandi slökkviliðs. Nánari upplýsingar um tilkynningar vegna bráðamengunar og viðbrögð við bráðamengun er að finna í lögum nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda og reglugerð nr. 1010/2012 um viðbrögð við bráðamengun hafs og stranda.

Hér á eftir eru teknar saman upplýsingar um tilkynningar um bráðamengun innan hafnarsvæða sem Umhverfisstofnun bárust árið 2020 og upplýsingar um bráðamengun eða atburði utan hafnarsvæða sem tilkynnt var um. Ekki er fjallað um mengunaróhöpp á landi sem skylt er að tilkynna til viðkomandi slökkviliðs, nema Umhverfisstofnun hafi einnig borist tilkynning um óhappið.

Skammstafanir

Hér á eftir er yfirlit um helstu skammstafanir sem notaðar eru í þessari samantekt:

EMSA – Siglingaöryggisstofnun Evrópu

HES – Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga

LHG – Landhelgisgæsla Íslands

ODR – Olíudreifing

UST – Umhverfisstofnun

Tilkynningar um mengunaróhöpp á landi árið 2020

Hvenær	Hvar	Hvað	Aðgerðir/athugasemdir
17. mars	Álftanes	Ábending barst til UST um olíuleka á Álftanesi, þ.e. olíutaum lægi niður Bakkavegin og væri sennilega frá vinnutækjum sem sinntu framkvæmdum við húsbyggingar.	Ábendingin áframsend til Slökkviliðs höfuðborgar-svæðisins og HES.
2. júní	Hvalsá við Ólafsvík	UST barst ábending um olíumengun í Hvalsá við Ólafsvík.	Ábendingu komið á framfæri við HES sem skoðaði aðstæður á vettvangi. Olíumengunina mátti rekja til Rjúkanda-virkjunar vegna leka frá eldsneytislögn. RARIK sá um hreinsunaraðgerðir og endurnýjaði birgðatanka og lagnir, auk þess að fjarlægja mengaðan jarðveg.
27. ágúst	Akranes	Ábending barst UST um olíumengun í pollum við hesthúsabyrpingu utan við Akranes.	Ábending áframsend til HES sem skoðaði aðstæður á vettvangi. Umrætt svæði var mjög blautt og virtist „olíumengunin“ vera af náttúrunnar hendi.
21. okt.	Dýrafjörður	Olíudreifingarbíll valt skammt frá gangnamunni Dýrafjarðarganga.	Engar aðgerðir af hálfu UST.

Tilkynningar um bráðamengun innan hafnarsvæða árið 2020

Hvenær	Hvar	Hvað	Aðgerðir/athugasemdir
8. janúar	Hafnarfjörður	Flutningaskip Francisca losnar frá bryggju í Hafnarfjarðarhöfn þegar festingar slitna.	Varðskipið Týr kallað út og dráttarbátar frá Hafnarfirði og Reykjavík, sem og björgunarsveitir. Ekki talin hætta á mengun. Skipið bundið aftur við bryggju.



15. janúar	Flateyri	Mengun varð í Flateyrarhöfn í kjölfar snjóflóðs sem féll í höfnina.	Bátar sukku í höfninni og úrgangsolútankur fór í höfnina. Höfnin óskaði eftir ráðgjöf frá UST vegna bráðamengunaraðgerða. Hafnarstjóri og starfsmaður Umhverfisstofnunar funduðu með starfsmönnum Sjóttækni tvisvar á dag þar sem farið var yfir verkefni dagsins. Ráðgjöf Umhverfisstofnunar snérist um að tryggja eftir bestu getu að sem minnst mengun yrði þegar bátum og öðru sem farið hafði í sjóinn var náð upp úr höfninni. Sjóttækni kortlagði botn hafnarinnar til að athuga hvað hefði mögulega farið með flóðinu í höfnina. Unnið var að hreinsun hafnarinnar með hliðsjón af kortlagningunni.
24. feb.	Njarðvík	Um 10-15 L af gasolíu var dælt í fiskihöfnina í Njarðvík úr vélarúmi skipsins Langaness vegna mistaka.	Olíuhreinsi úðað yfir olíubrákina.
2. mars	Vestmannaeyjar	Ábending barst til UST um olíumengun í Vestmannaeyjahöfn.	Líklega olíusmit frá olíusíum úr smábátum. Höfnin grreif til hreinsunaraðgerða í höfninni og við olíuúrgangstank.
4. maí	Vestmannaeyjar	Ábending barst til UST um olíumengun í Vestmannaeyjahöfn.	Þunn og mjög dreifð olíufilma, annað hvort gasolía eða glussaolía að mati hafnarinnar. Uppþvottalegi úðað yfir olíuna. Höfnin skoðar mögulegan uppruna olíunnar, hugsanlega er hún komin frá landi.
18. mars	Neskaupstaður	Olía fór í Norðfjarðarhöfn þegar sugubíll frá Olíudreifingu losaði eldsneyti í olíuskilju birgðastöðvar og olíaskiljan yfirfylltist.	Lítill mengun. Hafnarstarfsmenn töldu ekki ástæðu við viðbragða.
21. apríl	Hafnarfjörður	Ábending barst til UST um olíumengun á ströndinni milli Brúsastaða og Bala. Samkvæmt upplýsingum frá höfninni fóru um 50 L af olíu í Hafnarfjarðarhöfn þegar dælt	Mat hafnaryfirvalda að um óverulega mengun væri að ræða sem myndi eyðast og því ekki ástæða til aðgerða.



		var á milli tanka í skipinu Tasermiut sem lá við bryggju á Hvaleyrarbakka.	
26. júní	Vestmannaeyjar	Ábending barst frá HES um olíu í smábáthöfninni í Vestmannaeyjum.	Orsök mengunarinnar sú að bátur lensaði beint út í höfnina skv. upplýsingum frá höfninni.
10. júlí	Seyðisfjörður	Ábending barst UST um olíumengun frá El Grillo í Seyðisfirði.	Ábendingu komið á framfæri við Seyðisfjarðarhöfn sem skoðaði aðstæður. Myndir teknar með dróna og sett út girðing til að hefta útbreiðslu olíunnar og taka hana í sig. Umtalsverð mengun en ekki fugladauði svo vitað væri. Kafarar hjá LHG skoðuðu aðstæður við flakið og hvar upptök olíulekans væru. Minnisblaði um mögulegar aðgerðir skilað til umhverfis- og auðlindaráðuneytis í október.
17. ágúst	Hafnarfjörður	Báturinn Jökull sökk við Óseyrarbryggju í Hafnarfjarðarhöfn.	Bátar sem lágu utan á Jökli fjarlægðir og mengunarvarnagirðing sett í kringum Jökul. Lítil mengun.
18. ágúst	Eskifjörður	Ábending barst UST um grútaröngun í Eskifirði.	UST kom ábendingunni á framfæri við hafnaryfirvöld.
19. ágúst	Vestmannaeyjar	Olía fór í höfnina þegar rör sem flutti olíu úr geymslutönkum Fiskimjölsverksmiðju Ísfélagsins gaf sig, hugsanlega allt að 100 L.	Mengunarvarnagirðing sett upp í Klettsvík til að varna því að olía bærist til hvalanna. Uppþvottalegi úðað yfir olíuflekki.
31. ágúst	Siglufjörður	Olía lak í sjóinn þegar verið var að afgreiða olíu í skip í höfninni.	Olíubræk á sjónum í höfninni. Slökkviliðið sá um hreinsunaraðgerðir.
1. sept.	Eskifjörður og Reyðarfjörður	Fjarðabyggð upplýsti UST um stóran grútarflák meðfram syðri hluta strandlengju Eskifjarðar. Einnig grútarbrák í Reyðarfirði frá svæðinu neðan slysavarnarhússins út á miðjan fjörð. Grútarblautir fuglar fundust.	Mengunin innan hafnarsvæðis Fjarðabyggðarhafna. Fjarðabyggð hafði samband við HAUST vegna mögulegrar hreinsunar á grútarblautum fuglum.
16. sept.	Bakkafjörður	Ábending barst UST um olíumengun í Bakkafjarðarhöfn.	UST hafði samband við hafnarstjóra vegna ábendingarinnar.



22. sept.	Siglufjörður	Gasolía fór í sjóinn þegar verið var að dæla olíu á skipið Klakk í Siglufjarðarhöfn frá olíubíl á bryggju.	Olíuflekkir mest milli skips og bryggju. Olía fjarlægð með uppsogsmosa og olíumottum.
12. okt.	Reykjavík	Starfsmaður UST varð var við olíubræk í Reykjavíkurböfn.	Hafnarstarfsmenn skoðuðu aðstæður. Mjög lítil sjáanleg mengun. Líklega um að ræða yfirborðsmengun frá götum og hafnarsvæðum sem skolaðist niður með rigningu. Ekki gripið til aðgerða.
15. okt.	Vestmannaeyjar	Ábending frá Náttúrustofu Suðurlands um hvíta sliktu sem komi úr skemmdu klóakröri sem verið var að skipta um.	Hugsanlega um að ræða sterk hreinsiefni, líklega frá fiskbræðslu.
25. okt.	Stöðvarfjörður	Báturinn Drangur sökk í Stöðvarfjarðarhöfn.	Varðskip ræst út og óskað eftir mengunarvarnagirðingu frá Reyðarfirði.
23. nóv.	Vestmannaeyjar	Síldarúrgangi fyrir mistök dælt í Vestmannaeyjahöfn við löndun úr skipinu Hákon.	Hafnaryfirvöldum var tilkynnt um atvikið sem sáu um aðgerðir.

Tilkynningar um bráðamengun/atvik utan hafnarsvæða árið 2020

Hvenær	Hvar	Hvað	Aðgerðir/athugasemdir
2. janúar	Mynni Eyjafjarðar	Togarinn Björgúlfur sendi inn tilkynningu til LHG um að glussaslanga hafi farið í sundur á útleið frá Ólafsfirði og mögulega 1-2 lítar af glussa farið í sjóinn	Engar aðgerðir.
4. feb.	Reyðarfjörður	Olía lak úr fóðurprammanum Munin í Reyðarfirði, um 2-300 L af dísilolíu.	Sjáanleg olíubræk við pramma og hlémegin við fiskeldiskvíar, nær landi. Ákveðið að nota ekki nein efni á olíuna heldur láta náttúruna vinna á henni.
25. feb. – 13. maí	Suðurland	Ábendingar bárust til UST um olíublautu fugla í Reynisfjöru, við Vík í Mýrdal, í og við Vestmannaeyjar og á Skógasandi.	UST óskaði eftir auka gervitunglamyndum og greiningu á hugsanlegri olíumengun frá EMSA. LHG skoðaði hafsvæðið úr lofti en engin mengun sýnileg. Tilkynning send út til sjófarenda. Fjórar langvíur voru sendar í Húsdýragarðinn til hreinsunar. Uppruni



			mengunar óþekktur, en staðfest með greiningum á olíublautum fjöðrum að um svartolíu væri að ræða.
10. mars	Breiðafjörður	Ábending barst til UST um olíublautar súlur á Breiðafirði, um 10 sjómílar NNV af Öndverðarnesi.	Orsök óþekkt.
7. sept.	Hvalfjörður	Fyrirspurn barst UST um hvort leyfilegt væri að sigla skipum upp í fjöru og láta þau grotna þar niður.	UST skoðar málið frekar í samstarfi við Samgöngustofu.

Tilkynningar um strand skipa/báta árið 2020

Hvenær	Hvar	Atburður	Aðgerðir/athugasemdir
14. okt.	Við Papey	Fiskiskip tók niður á grynningu austur af Papey.	Þyrla LHG og björgunarsveitir ræstar út. Báturinn dreginn til hafnar á Djúpavogi. Enginn olíuleki sjáanlegur.

Aðrir atburðir skráðir hjá Landhelgisgæslu Íslands

Auk þeirra atburða sem getið er um hér að framan voru nokkrir atburðir til viðbótar tilkynntir til Landhelgisgæslu Íslands og fylgdist LHG með aðgerðum. Er þar fyrst og fremst um að ræða strand báta eða atburði þar sem ekki var talin hætta á bráðamengun og Umhverfisstofnun því ekki tilkynnt um atburðinn.

Hvenær	Atburður	Athugasemdir
18. mars	Bátur sekkur í Tálknafjarðarhöfn.	Engar aðgerðir af hálfu UST.
26. júní	Togari norður af Íslandi tilkynnir til LHG að glussaslanga hafi farið í sundur og um 40-50 L farið niður á dekkið. Hreinsað upp en hugsanlega eitthvað farið í sjóinn.	Engar aðgerðir af hálfu UST.

Eftirlit Landhelgisgæslu Íslands og CleanSeaNet

Landhelgisgæsla Íslands hefur eftirlit með hafsvæðum Íslands, jafnt úr lofti sem af sjó. Ef vart verður við mengun í eftirliti LHG er tilkynnt um hana til Umhverfisstofnunar. Auk þess sér LHG um móttöku á gervitunglamyndum frá Siglingaöryggisstofnun Evrópu (EMSA) í samræmi við samning LHG og UST þar að lútandi. Gervitunglamyndirnar fást í gegnum CleanSeaNet þjónustu EMSA og eru notaðar til að greina hugsanlega olíumengun innan íslenskrar mengunarlögsögu. Brugðist er við ef eitthvað bendir til að olíumengun gæti á viðkomandi hafsvæði. Árið 2020 voru sex tilvik um olíumengun staðfest innan íslenskrar mengunarlögsögu í kjölfar greininga á gervitunglamyndum og í fimm tilvikum var ekki hægt að greina hvort um olíutengda mengun væri að ræða eða falska svörun. Nánari upplýsingar um CleanSeaNet og eftirlit í íslenskri mengunarlögsögu er að finna í skýrslu LHG (Annual Marine Oil Pollution Report for the year 2020) sem er aðgengileg á heimasíðu UST.

Aefingar og þjálfun

Núgildandi aðgerðaáætlun Umhverfisstofnunar, Landhelgisgæslu Íslands og Samgöngustofu um viðbrögð við bráðamengun utan hafna og notkun skipaafdrepa var undirrituð af forstjórum viðkomandi stofnana 3. september 2015. Aðgerðaáætlunin er aðgengileg á heimasíðu Umhverfisstofnunar.

Áætlunin fjallar um hvernig bregðast á við þegar óhöpp verða á sjó er varða skip í efnahagslögsögu Íslands sem þykja ógna siglingaöryggi eða geta valdið umhverfistjóni. Áætlunin er hugsuð sem sameiginlegt stjórnæki Umhverfisstofnunar, Landhelgisgæslu Íslands og Samgöngustofu og er ætlað að tryggja fumulast verklag og framkvæmd viðbragða vegna bráðamengunar og þegar hætta er talin á bráðamengun. Auk þess er aðgerðaáætluninni ætlað að tryggja rétta framkvæmd við notkun skipaafdrepa sem útnefnd eru af Samgöngustofu. Skipaafdrepar eru annars vegar innan hafna (neyðarhöfn) og hins vegar skjólgóð svæði sem eru tilgreind utan hafna.

Samkvæmt aðgerðaáætluninni er gert ráð fyrir að tvær æfingar séu haldnar árlega, annars vegar verkleg æfing og hins vegar skrifborðsæfing. Verkleg æfing var ekki haldin á árinu 2020 í ljósi gildandi sóttvarnareglna vegna COVID-19 .

Skrifborðsæfing Samgöngustofu, Landhelgisgæslu Íslands og Umhverfisstofnunar um notkun skipaafdrepa var haldin í febrúar 2020.

Í gildi er samningur milli Umhverfisstofnunar og Olíudreifingar um aðstoð ODR í viðbrögðum við bráðamengun og notkun og viðhald mengunarvarnabúnaðar UST. Samkvæmt samningnum er meðal annars gert ráð fyrir þjálfun og æfingum útkallshóps ODR (kjarnahóps) a.m.k. einn dag árlega. Starfsmenn ODR héldu þrjár mengunarvarnaæfingar árið 2020, eina á Akureyri og tvær í Örfirisey.

Umhverfisstofnun vinnur samkvæmt svokallaðri innri viðbragðsáætlun ef bregðast þarf við vegna bráðamengunar. Engin skrifborðsæfing var haldin á árinu 2020 í ljósi gildandi sóttvarnareglna vegna COVID-19 .

Samráðsfundir Landhelgisgæslu Íslands, Samgöngustofu og Umhverfisstofnunar voru haldnir þann 12. júní og 11. desember 2020.

Sameiginleg skrifborðsæfing MOSPA og samtaka strandgæslustofnana á norðurslóðum (Arctic Coast Guard Forum) var haldin í október 2020, sjá nánar hér fyrir neðan.

Innlent og erlent samstarf

Mengunarvarnaráð hafna

Samkvæmt 13. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda skal ráðherra að afloknum hverjum sveitarstjórnarkosningum skipa átta fulltrúa í mengunarvarnaráð hafna til fjögurra ára í senn. Umhverfisstofnun tilnefnir tvo fulltrúa og er annar þeirra formaður ráðsins. Hafnasamband Íslands tilnefnir þrjá fulltrúa, Samband íslenskra sveitarfélaga einn fulltrúa sem skal vera starfandi heilbrigðisfulltrúi, og Samgöngustofa og Vegagerðin einn fulltrúa hvor.

Hlutverk mengunarvarnaráðs hafna er:

- a. að vera formlegur samstarfsvettvangur Umhverfisstofnunar og hafna um málefni sem varða viðbúnað og viðbrögð við bráðamengun innan hafnarsvæða,
- b. að stuðla að samstarfi og samhæfingu milli hafna um viðbúnað, samræmingu viðbragðsáætlana og viðbragða við bráðamengun,
- c. að gera tillögu til Umhverfisstofnunar um uppbyggingu og endurnýjun á mengunarvarnabúnaði í höfnum landsins og
- d. að koma með ábendingar og tillögur um innihald viðbragðsáætlana.

Skipað var í mengunarvarnaráð hafna í fyrsta sinn árið 2015 og var fyrsti fundur ráðsins haldinn 9. mars 2015. Tveir fundir voru haldnir í mengunarvarnaráði hafna árið 2020, sá fyrri þann 11. mars og sá síðari þann 5. nóvember.

Mengunarvarnaráð hafna hefur meðal annars samþykkt starfsreglur ráðsins og leiðbeiningar vegna viðbragðsáætlana hafna. Í samráði við ráðið er unnið að verkefni sem Umhverfisstofnun leiðir sem felst í að meta þörf á uppbyggingu og endurnýjun mengunarvarnabúnaðar í höfnum landsins. Ákveðið var að hefja vinnu við verkefnið árið 2015, en sú vinna fór af stað árið 2016. Árið 2017 var verkfræðistofan Verkís fengin til að vinna að þessu verkefni og skilaði stofan skýrslu í nóvember 2017, *MENGUNARVARNARBÚNAÐUR Í HÖFNUM: Niðurstöður greiningarvinnu - Tiillögur að vali á kjarnahöfnum og búnaði*. Í framhaldi ákvað UST í samráði mengunarvarnaráð hafna að fá erlendan aðila til gera sjálfstætt áhættumat vegna mengunar og meta þörf fyrir uppbyggingu búnaðar, viðhalds og æfinga í höfnum landsins og var samið við Oil Spill Response Limited. Sérfræðingur OSRL fundaði með hafnarstjórum og fór í vettvangsskoðun í hafnir á Suðvesturhorninu, Norðurlandi og Austfjörðum og skilaði skýrslu með tillögum um hvað þyrfti að bæta á landsvísu og einnig hvers konar mengunarvarnabúnað þyrfti í höfnum miðað við áhættu. Skýrslan var kynnt bæði umhverfis- og auðlindaráðherra og mengunarvarnaráði hafna og í framhaldinu var ákveðið að hver höfn skyldi gera áhættumat sem notað yrði til að meta þörf á búnaði viðkomandi hafnar. Einnig var gerð aðgerðaáætlun til að vinna að úrbótum í samræmi við þær ábendingar sem fram komu í skýrslu OSRL.

Árið 2020 var unnið samkvæmt aðgerðaáætluninni og fylgt eftir vinnustofum með hafnarstarfsmönnum sem fram fóru árið 2019. Um 59% hafna/hafnasamlaga skiluðu viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar inn til Umhverfisstofnunar til samþykktar en sams konar skil árið 2019 voru eingöngu um 10%. Hafin var vinna við landsstefnu um notkun dreifi- og felliefna sem áætlað er að verði lokið fyrir árslok 2021. Enn fremur hófst vinna við gerð bæklings um hreinsun stranda eftir mengunaróhapp og er áætlað að þeirri vinnu verði lokið fyrir árslok 2021. Í tengslum við gerð



bæklingsins var einnig gerð áætlun um búnað sem Umhverfisstofnun þarf að eiga/hafa aðgang að þegar hreinsa þarf strandlengju vegna mengunaróhapps.

Kaupmannahafnarsamkomulag

Kaupmannahafnarsamkomulagið er samningur milli Norðurlandanna um gagnkvæma aðstoð við viðbrögðum við mengunaróhöppum á sjó. Umhverfisstofnun sótti aðalfund og fund í vinnuhópi Kaupmannahafnarsamkomulagsins árið 2020. Ísland hefur einnig tekið þátt í starfi norræns samstarfshóps lögfræðinga (Ad Hoc Working Group) sem settur var á fót í tengslum við starf Kaupmannahafnarsamkomulagsins árið 2018.

Tvær skrifborðsæfingar eru haldnar á vegum Kaupmannahafnarsamkomulagsins á hverju ári þar sem opinberir tengiliðir eru prófaðir. Ísland tók þátt í einni slíkri æfingu árið 2020.

EPPR/MOSPA

Árið 2013 gerðu ríki Norðurskautsráðsins með sér samkomulag um viðbrögð gegn bráðamengun vegna olíu, svonefnt *Agreement on Cooperation on Marine Oil Pollution Preparedness and Response in the Arctic* (MOSPA). Framkvæmd samkomulagsins er tengt vinnuhópi á vegum Norðurskautsráðsins sem nefnist EPPR (Emergency Prevention, Preparedness and Response) og vinnur að stefnumörkun er snýr að viðbrögðum við umhverfisslysum.

Ísland sótti fundi EPPR vinnuhópsins og sérfræðihópa árið 2020, en árlega eru haldnir tveir fundir.

Mengunarvarnaæfingar á vegum MOSPA eru almennt haldnar á tveggja ára fresti, en árlega fer fram svokölluð tengiliðaprófun (connectivity test) þar sem upplýsingar um opinbera tengiliði eru prófaðar.

Fulltrúar frá Umhverfisstofnun, Landhelgisgæslu Íslands, Samgöngustofu og Olíudreifingu tóku þátt í viðamikilli skrifborðsæfingu sem var haldin á vegum EPPR og samtaka strandgæslustofnana á norðurslóðum (Arctic Coast Guard Forum) í október 2020. Æfingin snéri annars vegar að leit og björgun og að viðbrögðum við mengunaróhöppum hins vegar og var megintilgangur æfingarinnar þrjúþættur:

- Skoða neyðarviðbrögð Íslands vegna leitar og björgunar og bráðamengunar sérstaklega þegar um stóran atburð á norðurslóðum er að ræða og þörf er fyrir alþjóðlega aðstoð.
- Æfa bæði samninga um leit og björgun (Arctic SAR) og samning um viðbrögð við olíumengun á norðurslóðum (MOSPA) og hvernig staðið er að yfirfærslu ábyrgðar milli stjórnvalda sem sjá annars vegar um leit og björgun og hins vegar um viðbrögð við bráðamengun.
- Styrkja samstarf EPPR og ACGF og bæta sameiginlega áætlanagerð og framkvæmd æfinga vegna neyðarviðbragða á norðurslóðum.

Fulltrúar frá Umhverfisstofnun og Landhelgisgæslu Íslands tóku þátt í skipulagningu æfingarinnar. Skýrslu um æfinguna er hægt að nálgast á slóðinni:

<https://oarchive.arctic-council.org/handle/11374/2616>.